

15. febrúar 2019  
Mosfellsbær



## Nýtt gólf að Varmá

### Greinagerð handknattleiksdeildar Aftureldingar

Í ljósi þess að fyrirhugað er að leggja nýtt gólf í íþróttahúsið á Varmá og vegna þeirrar umræðu að leggja eigi dúk á gólfið höfum við sem stöndum að handboltanum í Aftureldingu tekið saman stutta greinagerð vegna þessa máls.

Það er okkar afstaða að það myndi hafa mjög slæm áhrif á starf handknattleiksdeildar Aftureldingar að leggja dúk í staðinn fyrir parket. Afleiðingarnar myndu sjást strax næsta sumar þar sem að margir leikmenn meistaraflokka karla og kvenna hafa gefið út að þeir muni yfirgefa félagið ef ekki verði lagt parket á gólfið. Um leið skaðast samkeppnishæfni Aftureldingar gríðarlega þar sem við stöndum með karlalið í fremstu röð á Íslandi ásamt því að konurnar eru á hraðri uppleið, og spila mjög líklega á meðal þeirra bestu á komandi keppnistímabili. Ekki er um að ræða hræðsluáróður, heldur staðreynd sem endurspegladist vel á íbúafundi Aftureldingar í Hlégarði fyrir ekki svo löngu síðan.

Ástæðan er einfaldlega sú að þessir leikmenn eru margir illa farnir af þeim sökum að hafa æft og spilað á dúk síðustu ár. Sumir reyndar allan sinn feril. Auk þess að dúkur mun aftra félaginu gríðarlega frá því að fá til liðs við sig leikmenn í hæsta klassa, þetta höfum við fundið á eigin skinni síðastliðin ár. Nógu erfitt er að halda úti liðum í fremstu röð á Íslandi fyrir.

Það að halda úti afreksstarfi og meistaraflokkum í hæsta klassa er hornsteinn þess að reka öflugt yngriflokka starf. Dæmin sanna að ef öflugar fyrirmyndir eru ekki til staðar fjarar undan yngriflokka starfi félaga. Augljóst er að erfiðlega mun ganga að manna slík lið ef nýr dúkur verður niðurstaðan.

### Önnur félög velja parket

Hin síðari ár hafa verið lögð ný gólf í mörgum af þeim húsum þar sem handbolti er spilaður. Það er ekki af ástæðulausu að parket hefur orðið fyrir valinu í öllum tilvikum. Nýjustu dæmin um þetta má sjá hjá ÍR í Austurbergi og Vestmannaeyjum. Nýtt parket var einnig lagt á íþróttahúsið í Seltjarnarnesi í sumar. Stjarnan lét einnig parket á gólfið hjá sér þegar Mýrin var byggð.

Aðeins er leikið á dúk hjá UMFA og hjá KA á Akureyri. Öll önnur lið á Íslandi leika á parketi. Síðasti dúkur sem lagður var á íþróttahús var einmitt hjá báðum þessum liðum eða fyrir um það bil 30 árum síðan.

Í Bandaríkjunum er bannað að keppa á dúk í Körfubolta (miðskóla, háskóla og í atvinnumannadeildum) vegna slyshættu á dúk.

Ástæður þess að dúkur þykir verra undirlag en parket er sú að dúkur stamari en parket. Stamt gólf eins og er í Varmá í dag er slyshætta. Dúkurinn í Varmá hefur kostað mikil meiðsli hin síðari ár. Ætla bæjaryfirvöld að taka séns á „nýjum dúk“ sem getur endað á að vera alveg jafnslæmur og sá sem nú er til staðar?

Mosfellsbær hlýtur að vilja standa jafnfætis öðrum bæjarfélögum í að bjóða afreksfólki sínu uppá bestu mögulegu aðstöðu til þess að ná árangri. Heilsufar og velferð afreksíþróttafólks Aftureldingar ætti að vera næg ástæða til þess að dúkur sé sleginn útaf borðinu frá fyrsta degi - því þessir þættir verða ekki verðlagðir með neinum hætti.

Margir spyrja sig og bera fyrir sig þeim rökum að landslið og meistaradeildir í handknattleik leiki á dúk, svárið við því er einfalt. Gerð er krafa um að völlurinn sé einungis með leiklínunum fyrir handknattleik og aðstæður alltaf þær sömu. Því er örþunnur dúkur lagður yfir keppnisvelli liðanna þar sem undirlagið er parket í öllum tilfellum. Þessi sömu lið æfa aldrei á dúk enda væru þau að auka líkur á alvarlegum meiðslum leikmanna sinna á dúk heldur en parketi.

## Rök fyrir því að leggja parket í söllum 1-2 að Varmá

1. Minni slyshætta
2. Draga úr álagsmeiðslum
3. Samfélagslegur kostnaður
4. Lengri gæðaending

### 1. Minni slyshætta

Norska rannsókn frá árinu 2003 sýnir marktækan mun á fjölda þeirra sem slíta krossband á parketi annarsvegar og dúk hins vegar. Öll krossbandaslit í norskum handbolta, kvenna og karla, voru skoðuð á árunum 1989-2000. Af 53 krossbandaslitum sem áttu sér stað í keppnisleik urðu 41 á dúk og 12 á parketi. (<https://onlinelibrary.wiley.com/doi/full/10.1034/j.1600-0838.2003.00329.x#b17>)

Finnsk rannsókn á innanhússiþróttum sýnir sambærilegar niðurstöður. Þ.e.a.s. að það sé meiri líkur á alvarlegum slysum á dúk en parketi. (<https://bjsm.bmj.com/content/42/3/194.short>)

Taka verður tillit til þess mikla mun sem er á blaki annars vegar og handbolta og körfubolta hins vegar. Þar sem snúningar og stefnubreytingar eru mun stærri hluti af leiknum og leikmenn leika gegn hvor öðrum í líkamlegri snertingu. Sem eykur líkur á alvarlegum hnémeiðslum á dúk vegna þess mikla viðnáms sem myndast milli gúmmísóla skós og gúmmýfirborðs dúksins.

### 2. Draga úr álagsmeiðslum

Það er alkunna í dag að undirlag íþróttamanna ræður miklu um þróun álagsmeiðsla. Það er hvergi lagður dúkur á steinsteypu lengur eins og hefur verið í sal 3 að Varmá þar til núna um áramót, út af þessari augljósu ástæðu. Því skiptir undirlag yfirborðsflatarins öllu máli, hvort sem um er að ræða dúk eða parket. Vegna eðliseiginleika parkets veitir það bestu fjöðrun sem völ er á og dregur þannig úr álagi á liði og liðamót.

### 3. Samfélagslegur kostnaður

Bandarísk rannsókn sem gerð var á samfélagslegum kostnaði vegna krossbandaslita árið 2013 sýndi að sá kostnaður var á bilinu 4,9-11,3 milljónir króna (núvirt) á hver krossbandaslit. Samfélagslegi kostnaðurinn einn og sér, þegar tekið er tillit til tíðni krossbandaslita á dúk miðað við parketi, réttlætir fjárfestinguna í parketi umfram dúk. Fyrir utan siðferðileg álitamál sem eru uppi þegar spara á við lagningu nýs gólfs með því að setja dúk þegar rannsóknir sýna að það auki áhættu á alvarlegum hnémeiðslum. (<http://www.anationinmotion.org/content/uploads/2014/06/BJJS-ACL-Surgery-10-20131.pdf>)

#### 4. Lengri gæðaending

Það er misjafnt eftir framleiðendum hversu lengi dúkur eða parket endist. Það er hins vegar hægt að viðhalda toppgæðum parkets mun lengur en dúks. Vegna þess að gæði dúks minnka eðlilega með árunum og auknu sliti en parket er hægt (og verður) að þússa upp og lakka með reglulegu millibili. Sem tryggir augljóslega betri gæði til lengri tíma og samfellu gæða. Dúkur krefst þess einnig að hann sé meðhöndlaður með réttum hætti og dýrum efnum frá fyrsta degi svo að hann haldi eiginleikum sínum. Parket er allt öðrum eiginleikum gætt hvað þetta varðar og þarfnast minni sérfræðikunnáttu í meðhöndlun.

#### Samantekt

Handknattleiksdeild Aftureldingar hvetur bæjaryfirvöld til að fjárfesta til framtíðar og taka þá ákvörðun að leggja parket í sal 1-2 að Varmá. Verði niðurstaðan að leggja nýjan dúk mun það skerða mjög samkeppnistöðu meistaraflokka félagsins til næstu áratuga og jafnframt bjóða hættunni heim með tíðni alvarlegra meiðsla hjá okkar iðkendum og afreksfólki. Við hjá handknattleiksdeild Aftureldingar teljum að það yrði stórt framfaraspor fyrir íþróttalífið í Mosfellsbæ að leggja parket í stærra íþróttahúsið að Varmá; það muni draga úr alvarlegum meiðslum og muni hjálpa Aftureldingu að eiga íþróttalið í fremstu röð hjá báðum kynjum.

*Sérfræðiálit frá Jóni Birgi Guðmundssyni sjúkráþjálfara íslenska landsliðsins í handbolta: Reynsla og rannsóknir benda til þess að það sé meiri hættu á krossbandameiðslum, sérstaklega hjá stúlkum, á dúkgólfi miðað við parketgólf. Þess vegna hefur þróunin undanfarið ár verið sú að parket hefur verið valið fram yfir dúkinn. Dúkurinn er stamari og meiri hættu á að skórnir „festist“ í gólfinu þegar teknar eru finntur og stefnubreytingar, sem getur valdið alvarlegum meiðslum á hnám og ökklum, þótt vissulega sé aldrei hægt að koma alfarið í veg fyrir slíkt. Í mið- og háskólum Bandaríkjanna er t.d. bannað að spila á dúkgólfi í háskólakörfuboltanum. Gott parketgólf hefur einnig mjög langan endingartíma, allt að 50 ár amk ef því er vel haldið við, og myndi því út frá því sjónarmiði einnig borga sig. Á Selfossi er parketgólf í háum gæðaflokki, með góðri dempun, í báðum íþróttahúsunum, sem hefur reynst virkilega vel og hægt er að mæla með.*

Með kveðju

Jón Birgi Guðmundsson, lögg sjúkráþjálfari

Sjúkráþjálfari Umf Selfoss í handbolta

Sjúkráþjálfari A-landsliðs karla í handbolta

#### Umsögn frá Handknattleikssambandi Íslands


*Eins og kom fram í máli okkar sl. vor þá getum við ekki æft með A landslið okkar í íþróttahúsinu að Varmá. Leikmenn hafa fengið veruleg álagseinkenni vegna undirlags (gólfs) við æfingar hjá ykkur.*

*Að auki má koma fram að landslið Íslands æfa allajafna ekki á gólfi þar sem dúkur er (sbr. Digranes) vegna sömu ástæðna. Er þetta gert vegna ráðlegginga frá okkar fagteymi.*

Með kveðju,

Róbert Geir Gíslason, framkvæmdastjóri HSÍ

**F.h. Handknattleiksdeild Aftureldingar**



---

*Hannes Sigurðsson, formaður handknattleiksdeildar Aftureldingar*

...

Greinagerð Handknattleiksdeildar Aftureldingar nýtur stuðnings frá aðalstjórn Aftureldingar.

**F.h. Aðalstjórnar Ungmennafélagsins Aftureldingar**



---

*Birna Kristín Jónsdóttir, formaður Ungmennafélagsins Aftureldingar*